

Alþingi
Erindi nr. P 135/2535
komudagur. 6.5.2008

Til Alþingis. Umsögn um þingskjal 847, mál 546, Frumvarp til laga um opinbera háskóla.

Undirritaður Dr. Helgi Tómasson gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreint frumvarp. Ég er varamaður í stjórn Félags Háskólakennara og dósent við Háskóla Íslands. Umsögn þessi endurspeglar þó hvorki álit Háskóla Íslands né álit Félags Háskólakennara. Ég reikna með að þeir aðilar sendi eigin umsagnir síðar ef þeir hafa ekki þegar gert það.

Frumvarpið er viðamikl og ljóst að höfundar þess hafa unnið mikið starf. Ég reyni að hafa athugasemdirnar skorinortar. Í frumvarpinu er vísað í hugtakið „akademískir starfsmenn“ og geri ég ráð fyrir að vera sammála frumvarpshöfundum um merkingu þess hugtaks. Kjarninn í starfsemi háskóla er akademísk starfsemi. Mikilvægt er að löggjafinn standi vörð um akademískt frelsi. Grundvallaratriði í stjórn háskóla er rannsóknarfrelsi akademískra starfsmanna.

Nauðsynlegt er að í stjórn háskóla séu einstaklingar sem hafi góðan skilning á akademískri starfsemi. Þann skilning öðlast einstaklingar ekki nema með langri starfsreynslu í háskólaumhverfi. Háskólar eru í eðli sínu stofnanir hinna miklu hefða og mikilvægt að festa og ró ríki í stjórn þeirra. Háskólar eru ekki eins og bankar, fjarskiptafyrirtæki, flugfélög eða útrásarfyrirtæki þar sem þykir gott að hafa snarráða menn í stjórn sem eru fljótir að kúvenda starfseminni. Slik fyrirtæki hafa það sameiginlegt með pólitísk kjörnum stjórnnum að vera viðkvæm fyrir tiskubylgjum. Það að byggja upp háskóla tekur marga áratugi og því nauðsynlegt meirihluti stjórnar/háskólaráðs sé skipaður hópi með breiðan akademískan grunn. Ekki eiga að vera margir pólitískir fulltrúar eða fulltrúar atvinnulífs í háskólaráði.

Í nýju frumvarpi er gert ráð fyrir þriggja þrepa skipulagi, háskóli/skóli/deild. Í 17. grein er sagt, „Forseti veitir akademísk störf við skóla“. Hér er vísað í skólaforseta og í grein 16 er vísað í störf dómnefnda og sagt að háskóli skuli setja þær á fót. Hér þarf að greina á milli þarfar stofnunar/skóla/deildar fyrir akademískan starfsmann og þess hvaða einstaklingur eru ráðinn. Lítil starfsmannavelta og tryggt ráðningarfyrirkomulag er lífsnauðsynlegt fyrir háskóla. Eðlilegt er að stofnun/skóli/deild skilgreini þörf fyrir starfsmann en síðan að langtímaráðning fari fram með hlutlægum hætti af æðra stjórnstigi og það tryggt að dómnefndir starfi með samræmdum hætti þvert á stofnanir/skóla/deildir og yfir tíma.

Ég tel ekki að fulltrúar nemendafélaga eigi að hafa atkvæðisrétt í stjórn háskóla. Ég hef auk þess efasemdir um hvort þriggja þrepa stjórnskipulagi háskóli/skóli/deild sé rétt. E.t.v. væri einfaldara kerfi betra. Einnig hef ég efasemdir um gagnsemi háskólafundar sem vitnað er til í frumvarpinu.

Reykjavík 5. maí, 2008

virðingarfyllt

Helgi Tómasson

